

Reglur um styrki til starfsmanna á Leikskólanum Sólvöllum og í Grunnskóla Grundarfjarðar sem stunda fjarnám við leikskólakennaraskor og kennaraskor KHÍ

1. Þeir geta sótt um styrk samkvæmt reglum þessum sem:
 - a. eru í starfi á leikskólanum Sólvöllum eða í Grunnskóla Grundarfjarðar
 - b. hafa lögheimili í Grundarfirði
 - c. stunda fjarnám við leikskólakennaraskor eða kennaraskor KHÍ
 - d. hafa a.m.k. 2ja ára starfsreynslu í sinni grein og
 - e. hafa lokið fyrsta ári náms síns, í fjarnámi, með viðunandi árangri
 - f. hafa lokið fyrstu önn í leikskólafræði til diplómu, í fjarnámi, með viðunandi árangri.
2. Styrkurinn er fólgin í því, að starfsmaðurinn fær greidd grunnlaun þann tíma sem hann sækir skólann (einungis vegna reglulegrar skólasóknar) miðað við starfshlutfall hans. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en þrjú ár.
3. Umsókn skal skilað til bæjarstjóra, ásamt umsögn viðkomandi skólastjóra um umsóknina. Upplýsingum um námsframvindu skal skilað reglulega til launafulltrúa á bæjarskrifstofu Grundarfjarðar.
4. Þeir starfsmenn sem njóta kjara samkvæmt reglum þessum skuldbinda sig til að vinna hjá Grundarfjarðarbæ í þrjú ár eftir að námi lýkur og styrktíminn hefur varað. Skal við það miðað að starfshlutfall verði a.m.k. hið sama og styrkfjárhæð miðaðist við.
5. Hætti starfsmaður störfum í leikskólanum eða í grunnskólanum áður en hann hefur unnið þann tíma sem hann hefur skuldbundið sig til að vinna að námi loknu, þá ber honum að endurgreiða þau laun sem hann fékk á námstímanum.
6. Bæjarstjóri afgreiðir umsóknir um styrk samkvæmt þessum reglum og kynnir fyrir bæjarstjórn. Frávik frá reglunum eru einungis heimil með samþykki bæjarstjórnar. Reglur þessar skulu endurskoðaðar ef verulegar breytingar verða á fyrirkomulagi fjarnámsins við KHÍ eða aðrir betri kostir bjóðast um slíkt nám.